

Fundargerð 400. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2018, mánudaginn 22. janúar kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar símafundur í Hlaðbúð.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Sigrún Árnadóttir, Björn Arnaldsson og Lúðvík Geirsson. Í símasambandi voru Ásta Björg Pálmadóttir, Guðný Sverrisdóttir og Ólafur Þór Snorrason.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2017 - 1702001HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 399. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 1. desember 2017.

Fundagerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Sorpmál í höfnum - 1605003_1HA

Formaður gerði grein fyrir erindi sem Faxaflóahöfnum barst frá Samtökum verslunar og þjónustu vegna fyrirkomulags innheimtu sorpgjalda hjá skipum.

3. Arnarlax hf. - rukkun vegna fóðurs - 1801001HA

Lagður fram tölvupóstur Vesturbyggð, dags. 4. janúar 2018, þar sem óskað er eftir því að hafnasambandið fjalli um mál er snertir vörugjöld hafnar á fóðri sem kemur ekki á land en er losað beint í fóðurpramma á sjó.

Stjórn hafnasambandsins telur sig ekki hafa forsendur til að svara erindinu að svo stöddu en felur starfsmanni að óska eftir frekari upplýsingum frá Vesturbyggð og ráðuneytinu. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

4. Siglingaráð - 1712003HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 1. fundar Siglingaráðs frá 30. nóvember 2017.

5. Fundur með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra - 1801005HA

Farið var yfir þau mál sem stjórn hafnasambandsins vill leggja áherslu á þegar fulltrúar hafnasambandsins funda með ráðherra miðvikudaginn 24. janúar nk.

6. Norræn strandmenningarhátíð - 1801002HA

Lagt fram bréf Íslenska vitafélagsins, dags. 11. janúar 2018, þar sem óskað er eftir samstarfi við Hafnasamband Íslands vegna norrænnar strandmenningarhátíðar sem haldin verður 4. - 8. júlí 2018 á Siglufirði.

Formanni falið að ræða við forsvarsmenn Vitafélagsins.

7. Rannsóknarstyrkir Vegagerðarinnar - tæring á stálþilsbryggjum - 1801003HA

Lagður fram tölvupóstur Eflu hf., dags. 12. janúar 2018, um umsókn um styrk til rannsóknarverkefnis Vegagerðarinnar.

Stjórn hafnasambandsins tekur jákvætt í að verkefnið verði unnið enda um þarft verkefni að ræða.

8. Kosning gjaldkera - 1610003HA

Kosning gjaldkera í stað Steinþórs Péturssonar sem látið hefur af störfum hjá Fjarðabyggðarhöfnum og um leið í stjórn hafnasambandsins.

Samþykkt samhljóða að Ásta Pálmadóttir verði gjaldkeri hafnasambandsins fram að næsta hafnasambandsþingi.

9. Hafnasambandsþing 2018 - 1610004HA

Lögð fram drög að dagskrá Hafnasambandsþings sem haldið verður 24. - 26. október 2018.

Fundi var slitið kl. 12:15

Gísli Gíslason

Ásta Björg Pálmadóttir

Guðný Sverrisdóttir

Ólafur Þór Snorrason

Sigrún Árnadóttir

Björn Arnaldsson

Lúðvík Geirsson

Valur Rafn Halldórsson

